

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Akureyri, 9. febrúar 2022

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 20. mál.

Þingsályktunartillagan:

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að setja á fót starfshóp sem verði falið að móta tillögur um bætt verklag um miðlun upplýsinga um heimilisofbeldismál á milli kerfa barnaverndaryfirvalda, félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana, skóla og lögregluembættu. Starfshópnum verði m.a. falið að móta tillögur um rýmri lagaheimildir til miðlunar upplýsinga um heimilisofbeldi milli félagsmálafyrvalda, heilbrigðisyfirvalda, menntamálaýfirvalda og lögreglu og koma á fót samstarfsvettvangi stjórnvalda. Ráðherra kynni Alþingi niðurstöður starfshópsins eigi síðar en í júní 2022.

Markmiðið með þingsályktunartillögunni er að núverandi kerfi verði endurskoðað með það fyrir augum að einfalda barnaverndaryfirvöldum, félagsmálafyrvöldum, heilbrigðisyfirvöldum og menntamálaýfirvöldum að miðla upplýsingum sín á milli og til lögreglu þegar um heimilisofbeldi er að ræða.

UMSÖGN

Konur sem búa við heimilisofbeldi búa við svokallaða *eitraða streitu* sem hefur margvísleg neikvæð áhrif. Þar að auki geta konurnar verið í lífshættu. Áhrif ofbeldisins á fóstur eru margþætt og geta verið varanleg. Áhrif ofbeldisins á börn eru margháttuð og ástæða til að taka ofbeldið og áhrif þess alvarlega. **Ég tel að meðfylgjandi þingsályktunartillaga sé til þess fallin að kerfin öll vinni betur saman og að börnin, ásamt móður sinni, komist fyrr í öruggt skjól. Ég styð því ályktunartillöguna heilshugar.**

Ég hef nýverið lokið rannsókn um reynslu kvenna af heimilisofbeldi og þar kemur fram að þegar þær ná að skilja við mennina er þeirra mesti sársauki fólgin í því að hafa ekki getað varið börnin sín. Eins og ein orðaði það:

„Hann þjáðist mest. Strákurinn læsti sig inni, hann var svo hræddur, var skelfingu lostinn af hræðslu ... Viðkvæmur lítill drengur sem ... ég var bara ... gat ekki varið hann. Gat ekki bjargað honum frá því. Það er sorgarsaga mín“.

Ég tók eitt sinn saman áhrif af heimilisofbeldi á konur, fóstur og börn og sú úttekt fylgir hér með.

Áhrif heimilisofbeldis á barnshafandi konur	Rannsóknir
<p>* Að búa við heimilisofbeldi getur valdið mikilli streitu, svokallaðri eitraðri streitu hjá barnshafandi konu og kona sem býr við heimilisofbeldi er líklegri til að hafa neikvæðara viðhorf til meðgöngunnar og líklegri til að fæða fyrir tímann.</p>	<p>Ástþóra Kristinsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2010a; Jarvis o.fl., 2005; Khashan o.fl., 2009; Shonhoff o.fl., 2009.</p>
Áhrif heimilisofbeldis á fóstur	
<p>* Mikil streita móður veldur háu gildi streituhormónsins kortisóls hjá fósturi og neikvæð breyting getur orðið á heila og taugaproska fósturs ef móðirin býr við mikla streitu.</p> <p>* Ef líkamskerfi fóstursins venjast á að vera alltaf á hættustigi getur það haft neikvæð áhrif á þroska ónæmiskertisins hjá fósturinu sem veldur lægri mótstöðu gegn hvers kyns streitusjúkdómum langt fram á fullorðinsaldur svo sem hjarta-, lungna- og geðsjúkdómum.</p> <p>* Mikil streita móður á meðgöngu og fyrstu vikur og mánuði eftir fæðingu getur haft þau áhrif að börn þroskist seinna og jafnvel ýtt undir þroskafrávik eins og athyglisbrest – ADHD og önnur hegðunarvandamál.</p>	<p>Khashan o.fl., 2008; Talge o.fl., 2007; Mattes o.fl., 2009; Shonkoff o.fl., 2009; Turner o.fl., 2006.</p> <p>Bergman o.fl., 2008; Kernick o.fl., 2008; Talge o.fl., 2007.</p>
Áhrif heimilisofbeldis á börn	
<p>* Börn sem verða vitni að heimilisofbeldi eiga við fleiri sálfélagsleg vandamál að stríða heldur en börn sem ekki hafa orðið vitni að ofbeldi á heimilinu. Þau geta brugðist við með innhverfingu: áhyggjum, kvíða, hræðslu, ótta og þunglyndi eða úthverfingu: árásargirni, reiði, óhlýðni, ögrun, virðingarleysi, mótþróa og hortugheitum. Neikvæð áhrif á líkamlegt og andlegt heilsufar eru m.a.: Þau geta verið með svefntruflanir og martraðir, verið viðbrigðin, sýnt skapsveiflur, hegðað sér eins og þau væru miklu yngri en þau eru, byrjað aftur að væta sig og geta pissað undir langt fram eftir aldri. Þá geta þau haft lélega matarlyst og kvartað yfir kvíðverkjum og auknar líkur eru á: astma, ófnæmi, ADHD og streitutengdum vandamálum eins og meltingarfæravandamálum og höfuðverk. Þá geta þau átt í námsörðugleikum og erfiðleikum í skóla. Stúlkur með þennan bakgrunn eru tvisvar sinnum líklegri til að verða fórnarlömb ofbeldis og tjórum sinnum líklegri til að verða fórnarlömb kynferðisofbeldis á ævi sinni. Drengir sem upplifa ofbeldi föður gagnvart móður og eru jafnframt beittir tilfinningalegu ofbeldi eru líklegri til að beita vissum tegundum ofbeldis á fullorðinsaldri.</p> <p>* Þeim mun lengur sem börn hafa búið við ofbeldi og þeim mun oftar, sem þau hafa orðið vitni að því, þeim mun alvarlegri eru áhrifin á andlega og líkamlega heilsu þeirra og félags- og vitrænan þroska.</p> <p>* Án ihlutunar eru börn, sem hafa búið við heimilisofbeldi í meiri hættu að: verða afbrotanglingar; sýna ofbeldishegðun á fullorðinsárum; fá áfallastreituröskun; fara upp á móti öllu í andfélagslegri hegðun.</p> <p>Eftir skilnað eru jákvæðar breytingar á líðan barna bæði heima og í skóla. Hins vegar geta komið fram langvarandi neikvæðar tilfinningar og hræðsla yngri barnanna gagnvart feðrum sínum sem m.a. koma fram í því að þau vilja ekki fara til þeirra um helgar. Þau glíma sum við erfiðar endurminningar og eru talsvert að hugsa um og spyrja út frá sárum minningum. Langvarandi reiði eldri barnanna getur m.a. komið fram í því að þau vilji skipta um nafn og kenna sig við móður sína.</p> <p>* Stundum eru börnin stundum notuð af feðrum sínum til að: njósna um móður sína; til að hóta móður sinni; vera milligöngumenn í því að þrýsta á móðurina að taka ofbeldismanninn aftur inn á heimilið.</p> <p>Með rétttri ihlutun virðist hægt að minnka sálfélagsleg og aterlisvandamál hjá börnum, t.d. reiði, árásargirni, mótþróa, ögrun, storkun og kvíða og minnka sálræna streitu mæðranna. Æskilegast er að móðir og barn fái meðferð saman.</p>	<p>Ástþóra Kristinsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir (2010b);</p> <p>Graham-Bermann og Perkins, 2010; Russel o.fl., 2010.</p> <p>Carlson, 1990; Lieberman o.fl., 2005; Litrownik o.fl., 2003; Sugarman og Hotaling, 1989.</p> <p>Ástþóra Kristinsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir (2010b).</p> <p>Hegarty o.fl., 2008.</p> <p>Davies og Krane, 2006; Kinsworthy og Garza, 2010; Lang og Stover, 2008; Timmer o.fl., 2010.</p>

Nánari upplýsingar um skaðsemi heimilisofbeldis fyrir konur, fóstur og börn má finna í greinum okkar Ástþóru Kristinsdóttur ljósmóður í eftirfarandi greinum í Ljósmaðrablaðinu:

Ástþóra Kristinsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir. (2010). Stöðug streita, ótti og kvíði: Reynsla kvenna sem hafa búið við ofbeldi á meðgöngu og endranær. *Ljósmaðrablaðið*, 88(1), 6-12.

Ástþóra Kristinsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir. (2010). Börnin: Hin hljóðu fórnarlömb heimilisofbeldis: Séð frá sjónarhóli mæðra þeirra sem hafa búið við heimilisofbeldi á meðgöngu og endranær. *Ljósmaðrablaðið*, 88(2), 14-19.

Ástþóra Kristinsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir. (2011). Menn sem skelfa og niðurlægja: Reynsla íslenskra kvenna af mönnum sem beita þær ofbeldi á heimili sínu á meðgöngu og endranær. *Ljósmaðrablaðið*, 89(1), 38-45.

Virðingarfyllst,



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



Sigríður Halldórsdóttir

Prófessor/Professor

Heilbrigðisvísindasvið/School of Health Sciences

Skrifstofa/Office: Sólborg-A301

Sími/Phone: 4608452

Farsími/Mobile: 8614911

ORCID: 0000-0003-0629-4428

Heimilið er hættulegasti staður kvenna um allan heim (Sameinuðu þjóðirnar, 2021)

United Nations (2021). *International Day for the Elimination of Violence against Women 25 November*.

<https://data.unwomen.org/sites/default/files/documents/Publications/Measuring-shadow-pandemic.pdf>